

Um starfslok þeirra starfsmanna ríkisins, sem skipaðir hafa verið eða ráðnir í störf ótímabundið fyrir gildistöku laga þessara, án gagnkvæms uppsagnarfrests, gilda ákvæði 25. gr. og VI. kafla laga þessara eftir því sem við á, sbr. þó 4. mgr.

Þegar í hlut eiga þeir starfsmenn ríkisins, sem 3. mgr. tekur til og ekki teljast embættismenn skv. 22. gr. laga þessara, gilda ákvæði í kjarasamningum um lausn frá störfum vegna heilsubreysts í stað 30. gr. laganna.

Sé starf lagt niður á starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hefur undir lög nr. 38/1954, en telst ekki embættismaður skv. 22. gr. laga þessara, rétt til bóta er nemi launum í sex mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði. Að öðru leyti gilda um bóta-rétt og bótafjárhæð ákvæði 34. gr.

Ef starf hefur verið lagt niður fyrir gildistöku laga þessara halda þeir starfsmenn, sem starfinu gegndu og féllu undir lög nr. 38/1954, forgangsrétti til starfa skv. 2. og 3. mgr. 14. gr. þeirra laga í fimm ár frá því að starfið var lagt niður.

Fram til 1. júlí 1997 gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Þrátt fyrir eldri ákvæði í öðrum lögum er skylt að auglýsa öll laus embætti, sem talin eru upp í 22. gr. laganna, skv. 7. gr. laga þessara, nema kosið sé til embættis án undan-genginnar auglýsingar.
2. Þrátt fyrir ákvæði í öðrum lögum skal ekki skipað í önnur störf en þau embætti sem talin eru upp í 22. gr. laga þessara. Í önnur störf skal ráðið með þeim réttaráhrifum sem fram koma í III. hluta laganna.
3. Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laga þessara skulu hæstaréttardómarar, héraðsdómarar og ríkissaksóknari skipaðir ótímabundið í embætti.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*David Oddsson.*

## LÖG

**um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga,  
nr. 54/1971, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að gera tímabundna samninga sem kveða á um greiðslu skuldara á lægri upphæð en til fellur mánaðarlega þegar til skuldarinnar hefur verið stofnað sökum félagslegra erfiðleika skuldara, svo sem af heilsufarsástæðum, ónógum tekjum, skertri starfsorku, mikilli greiðslubyrði, barnamergð eða af öðrum sam-bærilegum ástæðum. Slíka samninga skal endurskoða reglulega og a.m.k. á sex mánaða fresti. Ef um áframhaldandi félagslega og fjárhagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara

og stjórnin telur fullljóst að aðstæður skuldara séu þannig að hann geti eigi greitt áfallinn höfuðstól eða hluta hans, auk meðlaga sem falla til mánaðarlega, er stjórninni heimilt að afskrifa höfuðstól skuldara að hluta eða öllu leyti. Heimild til niðurfellingar höfuðstóls eða hluta hans er bundin því skilyrði að skuldari hafi í a.m.k. þrjú ár staðið við samning skv. 1. másl. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett í reglugerð.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að afskrifa og endurgreiða höfuðstól skuldara sem stofnast hefur eftir að niðurstaða blóðrannsóknar liggur fyrir og/eða mál hefur verið höfðað til ógildingar á faðernisviðurkenningu eða til vefengingar á faðerni barns. Heimildin til afskriftar og endurgreiðslu er þó bundin því skilyrði að niðurstaða dómsmáls leiði í ljós að skuldari er ekki faðir viðkomandi barns. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett í reglugerð.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að mæla með nauðasamningi þar sem fjallað er um niðurfellingu höfuðstóls og/eða dráttarvaxta að hluta eða öllu leyti, enda sé ljóst að hagsmunum Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði betur borgið með nauðasamningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Páll Pétursson.*

11. júní 1996

Nr. 72

## LÖG

### um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnaenda grunnskóla.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Til hverra lög þessi taka.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers kennara og skólastjórnaenda við grunnskóla í þjónustu sveitarfélaga á föstum launum meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf.

Nú verður ágreiningur um það hvort kennari eða skólastjóri skuli sæta ákvæðum laga þessara og sker þá menntamálaráðherra úr. Ef starfsmaður vill eigi hlíta úrskurði ráðherra getur hann borið málið undir dómstóla og skal þá höfða mál á hendur menntamálaráðherra.

#### II. KAFLI

##### Um veitingu starfa.

2. gr.

Um ráðningu og skipun skólastjórnaenda og kennara við grunnskóla fer eftir ákvæðum grunnskólalaga og ákvæðum laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.